

## Fundargerð aðalfundur Þroskaþjálfafélags Íslands

Fimmtudaginn 16.05.2024 kl.17:00 var 59. aðalfundur Þroskaþjálfafélags Íslands haldin í Borgartúni 27, 2. hæð, 105 Reykjavík.

1. 1. Fundur settur: Laufey Elísabet Gissurardóttir formaður Þroskaþjálfafélags Íslands setti fundinn og bauð alla fundargesti (fundargestir á fundarstað voru 30 og 20 í streymi) velkomna á 59. aðalfund Þroskaþjálfafélags Íslands en félagið var stofnað 18. maí 1965. Hún lagði til að eftirfarandi aðilar yrðu kosnir starfsmenn fundarins.

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir fundastjóri.

Steinunn Jónsdóttir og Haldóra Jóhannesdóttir Sanko fundarritarar.

Tillaga um starfsmenn fundarins var samþykkt af öllum fundarmönnum.

Jóhanna Lilja tók við stjórn fundarins og gengið var til dagskrár.

2. Skýrsla stjórnar lögð fram: Laufey, formaður ÞÍ, fór yfir skýrslu stjórnar sem er aðgengileg á heimasíðu félagsins undir fundargögn aðalfundar 2024. Farið var yfir hverjir skipuðu stjórn ÞÍ síðasta starfsár og hverjir tengiliðir stjórnar voru við ráð, nefndir, sjóði og félög tengd starfi félagsins. Einnig var farið yfir verkefni unnin á skrifstofu félagsins. Þrettán stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu. Fram kom í máli Laufeyjar að tveir starfsmenn séu í fullu starfi hjá ÞÍ, formaður og framkvæmdastjóri félagsins og sinna þeir öllum daglegum störfum þess. Vinna við undirbúning kjarasamninga og gerð stofnanasamninga er umfangsmikil. Ráðgjöf við félagsmenn, almenn fagmál félagsins, erlent samstarf auk starfa sem fellur undir BHM er meðal verkefna.

Þó að mikill þungi hafi verið í vinnu við kjarasamninga þá benti Laufey á að Þroskaþjálfafélag Íslands væri bæði stéttafélag og fagfélag og fjallaði um mikla og góða vinnu félagsmanna í ráðum og nefndum. Þá talaði hún um hversu mikilvægt trúnaðarmannaráðið er fyrir félagið.

Laufey fór yfir nefndir og ráð og hvað þar væri unnið mikið og gott starf. Eins greindi Laufey frá því að blaðið Þroskaþjálfinn hefði komið út í dag á heimasíðu félagsins og send yrði út

tilkynning um útgáfuna. Um metnaðarfulla útgáfu væri að ræða og þakkaði hún útgáfuráði fyrir sín störf og klappaði fundurinn fyrir þeirra góða starfi.

Laufey fór yfir kjaramál, sagði frá gangi kjarasamninga og hver staðan er. Vinna er í fullum gangi, nokkur félög innan BHM eru í samfloti og hafa þau átt fundi með samningsaðilum og fleiri fundir hafa verið boðaðir. Ekki sé farið að sjá til lands en vinna sé í gangi við alla aðila.

Tvær umsagnir voru ritaðar til Alþingis á starfsárinu vegna lagabreytinga. Laufey kynnti og fór stuttlega yfir starfsþróunarsetrið auk þess var gerður samningur um fulla aðild fyrir félagsmenn BHM að Starfsmennt. Minnti á alþjóðlegan dag þroskaþjálfara 2. október ár hvert.

Laufey fór yfir fræðslumál félagsins, fagrað stóð fyrir málþingi 2. febrúar auk annarrar fræðslu.

Talaði um gott samstarf við skólasamfélagið en Þroskaþjálfafélag Íslands er í samstarfi við íslenska háskólasamfélagið og í máli Laufeyjar kom fram að félagið hefur meðal annars staðið fyrir útskriftarathöfn fyrir fjögurra ársnema til starfsleyfis. Engin útskrift er í HÍ fyrir starfsréttindanámið og í samstarfi við háskólann verður sami háttur hafður á í vor.

Á næsta ári fagnar félagið 60 ára afmæli 18. maí. Búið er að skipa afmælisnefnd til að undirbúa afmælið.

Laufey fór yfir skýrslu gjaldkera, ráða og nefnda og má lesa þær allar í skýrslu stjórnar.

### 3. Gjaldkeri lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu og gerði grein fyrir

fjárhag félagsins: Bjarnveig Magnúsdóttir, fráfarandi gjaldkeri ÞÍ fór yfir ársreikninga

Vísindasjóðs en í honum voru rúmlega 84 milljónir króna og greitt var úr honum til

félagsmanna. Fram kom að sjóðurinn tæmist einu sinni á ári þegar styrkir eru greiddir út.

Fundarstjóri óskaði eftir spurningum um ársreikning Vísindasjóðs en engar spurningar voru

bornar upp. Í ársreikningi Kjaradeilusjóðs ÞÍ kynnti Bjarnveig styrki og rekstrarkostnað. Eignir

handbærar í sjóðnum eru rúmar 42 milljónir. Fundarstjóri óskaði eftir spurningum um

ársreikning Kjaradeilusjóðs en engar komu fram.

Að því loknu voru ársreikningar bornir upp til samþykktar og voru þeir samþykktir af fundarmönnum. Enginn var á móti.

Gjaldkeri fór þá yfir ársreikning þí ásamt sundurliðunum og skýringum. Í kjölfarið var orðið gefið laust varðandi ársreikninginn. Anna Lilja Magnúsdóttir framkvæmdastjóri tók til máls og skýrði ársreikninga félagsins betur út og fór yfir nokkra liði hans.

Að því búnu bar fundarstjóri ársreikninginn upp til samþykktar, var ársreikningur félagsins samþykktur af fundarmönnum. Enginn var á móti.

4. Lagabreytingar: Ein formleg beiðni barst frá stjórn þí varðandi 5. gr. laga Þroskaþjálfafélags Íslands, en í þeirri grein er fjallað um stjórnarsetu og stéttarfélagsaðild. Tillaga laganeftardar þí er að breyta 5. gr. laga með eftirfarandi hætti:

Núverandi 5. gr. Stjórn félagsins skipa sjö menn sem kosnir eru til tveggja ára í senn.

Formaður og varamaður skulu kosnir sérstaklega. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum og kys úr hópi ritara og gjaldkera. Stjórnarmenn skulu vera með stéttarfélagsaðild að Þroskaþjálfafélagi Íslands. Ef stjórnarmenn, aðrir en formaður eða varaformaður, gerast fagaðilar á kjörtímabili, er þeim heimilt að sitja í stjórn fram að næsta aðalfundi.

Eftir tillögu að breytingu að 5. gr. Stjórn félagsins skipa sjö menn sem kosnir eru til tveggja ára í senn. Formaður og varamaður skulu kosnir sérstaklega. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum og kys úr hópi ritara og gjaldkera. Eigi færri en fimm af sjö stjórnarmeðlimum skulu vera með stéttarfélagsaðild.

Orðið var gefið laust og tók Laufey til máls og útskýrði enn frekar ástæðu tillögunnar. Það kom fyrirspurn um hvað margir væru með fagaðild og eru það 12 aðilar sem eru núna með fagaðild að félaginu.

Tillaga var borin upp og var hún samþykkt af meirihluta fundargesta.

5. Kosning í stjórn, nefndir og ráð: Formaður kjörnefndar Hanna Guðrún Sigurjónsdóttir fór yfir tillögur kjörnefndar í stjórn, nefndir og ráð.

Tveir stjórnarmanna gáfu kost á sér til áframhaldandi starfa fyrir tímabilið 2024-2026 en það eru þær Særún Ósk Böðvarsdóttir og Steinunn Jónsdóttir. Bjarnveig Magnúsdóttir gjaldkeri

gekk úr stjórn og gaf Gerður Pálsdóttir kost á sér í stjórn ÞÍ. Engin mótframboð voru og uppstilling kjörnefndar samþykkt með lófaklappi á fundinum.

Í útgáfuráði gaf Guðrún Benjamínsdóttir kost á sér til áframhaldandi starfa og þá gáfu þær Rósa Halldórsdóttir og Sunna Líf Kristjánsdóttir kost á sér til starfa fyrir starfstímabilið 2024-2026.

Í fagraði gaf Ólöf Haflína Ingólfssdóttir kost á sér áfram fyrir tímabilið 2024-2026 og þá gáfu nýjar kost á sér til starfa fyrir tímabilið 2024-2026 þær eru Bjarnveig Magnúsdóttir, Þóra María Rögnvaldsdóttir og Kristín Hulda Þórarínsdóttir. Engin mótframboð voru og uppstilling kjörnefndar samþykkt með lófaklappi á fundinum.

Í laganefnd gefa þeir Arne Friðrik Karlsson og Björn Finnbogason kost á sér áfram fyrir starfstímabilið 2024-2026. Engin mótframboð voru og uppstilling kjörnefndar samþykkt með lófaklappi á fundinum.

Í kjörnefnd gefa þær Hanna Guðrún Sigurjónsdóttir, Íris Björk Ágústsdóttir og Ragnhildur Þórarínsdóttir kost á sér áfram fyrir starfstímabilið 2024-2026. Engin mótframboð voru og uppstilling kjörnefndar samþykkt með lófaklappi á fundinum.

Engin mótframboð voru og uppstilling kjörnefndar var samþykkt með lófaklappi á fundinum.

Í siðanefnd eru meðlimir tilnefndir af stjórn ÞÍ.

Siðanefnd er þannig skipuð núna: Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir (2024-2027) Guðný Sigurjónsdóttir (2022-2025) Sigrún Broddadóttir (2023-2026).

Varamenn í Siðanefnd eru Árni Már Björnsson (2024-2027) Friðrik Sigurðsson (2022-2025) Signý Þórðardóttir (2023-2026).

Að lokum var öllum þeim sem létu af störfum í stjórn, ráðum og nefndum félagsins þakkað fyrir þeirra störf og nýir aðilar boðnir velkomnir.

6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara: Sigríður Rut Hilmarsdóttir og Fanney Sumarliðadóttir gáfu kost á sér fyrir næsta starfsár og voru sjálfkjörnar. Til vara er Margrét Árnadóttir.

7. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram og félagsgjöld ákveðin: Anna Lilja Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri ÞÍ kynnti fjárhagsáætlun ÞÍ fyrir næsta starfsár. Meðal þess sem kom fram í máli Önnu Lilju var að félagið sækir um styrki að upphæð kr. 1.690.000 hjá Starfsþróunarsetri sem stéttarfélag vegna fræðslu.

Fagfélagsgjöld í BHM fer hækkandi og er það fjölþætt aðstoð sem fellur þar undir. Ljóst er að uppfæra þurfi heimasíðu félagsins og þar verður kostnaður á árinu. Ekki er gert ráð fyrir að leggja auka fé inn í kjaradeilusjóð ÞÍ í rekstraráætlun en farið er fram á að fundurinn gefi stjórn heimild til ákvörðunar um upphæð til að leggja inn í kjaradeilusjóð í desember þegar liggur fyrir hver rekstrarafgangur verður. Var það samþykkt

Félagsgjöld: Stjórn leggur til að félagsgjöldin verði áfram 0,95% af heildarlaunum og fagfélagsgjöldin verði 12.000 krónur á ári, var það samþykkt samhljóða.

8. Önnur mál: Sigrún Broddadóttir kynnti fyrir hönd siðanefndar breytingu á heimasíðu félagsins þar sem ein af siðareglunum verður sett sérstaklega fram í hverjum mánuði. Fyrsta reglan sem var fyrir valinu í maí mánuði er: *Þroskaþjálfar standa vörð um réttindi og lífsskilyrði þeirra einstaklinga sem þeir starfa með.*

Sigrún talaði um siðareglurnar eigi að veita okkur daglegan stuðning og leiðsögn í starfi.

Ekki fleira tekið fyrir undir önnur mál.

Formaður félagsins tók til máls og þakkaði siðanefnd fyrir þessa nýng.

Að endingu þakkaði Laufey fyrir það traust að vera með umboð til formannssetu næstu tvö árin. Þá þakkaði hún starfsmönnum fundarins fyrir sín störf og Bjarnveigu sem lét af störfum í stjórn, nefndum og ráðum þakkaði hún fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. ÞÍ vilji vera öflugt félag og hvatti hún félagsmenn til að vera virkir þátttakendur í störfum félagsins.

59. aðalfundi ÞÍ var slitið kl. 18:14